

Júlí 2025



Menntastefna 2030

Önnur aðgerðaáætlun 2025–2027

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Menntastefna 2030 – Önnur aðgerðaáætlun 2025–2027

Júlí 2025

mrn@mrn.is

www.mrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2025 Mennta- og barnamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Yfirlit aðgerða	6
3. Jöfn tækifæri fyrir alla.....	7
3.1 Öflugt samráð við börn og ungmenni um menntamál.....	7
3.2 Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í inngildandi skólastarfi.....	7
3.3 Námsgagnaútgáfa efld (með fyrirvara um samþykkt frumvarps).....	8
3.4 Samstarf heimila og skóla um menntun og farsæld barna og ungmenna.....	9
4. Kennsla í fremstu röð.....	10
4.1 Fjölgun kennara	10
4.2 Öflugir kennarar í skólum landsins.....	10
4.3 Íslenskufærni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun barna	11
4.4 Stuðningur og ráðgjöf við nám og kennslu.....	11
5. Hæfni fyrir framtíðina	12
5.1 Stafrænar lausnir, miðlalæsi og stafræn borgaravitund í öllu skóla-, fræðslu- og frístundastarfi	12
5.2 Sjálfbærni og loftslagsmál í menntun.....	13
5.3 Gagnrýnin hugsun og sköpun til framtíðar.....	13
5.4 Þróun námsframboðs framhaldsskóla og framhaldsfræðslu	14
6. Vellíðan í öndvegi.....	16
6.1 Inngildandi menntun og skólaþjónusta (með fyrirvara um gildistöku löggjafar)	16
6.2 Safn vandaðra skimunartækja til notkunar í skólum.....	16
6.3 Aukin áhersla á vellíðan í öllu skóla- og frístundastarfi.....	17
6.4 Náms- og félagsumhverfi barna og ungmenna styðji við farsælt nám og vellíðan	18

7. Gæði í forgrunni	19
7.1 Menntatölfræði.....	19
7.2 Endurskoðað mat og eftirlit með skólastarfi	19
7.3 Bættur námsárangur og samræmdar mælingar.....	20
7.4 Stefna um samfellda náms- og starfsráðgjöf.....	21
8. Tenging aðalnámskráa við aðgerðir menntastefnu	22

1. Inngangur

Þingsályktun um menntastefnu 2021–2030 var samþykkt á Alþingi 24. mars 2021. Einkunnarorð menntastefnunnar er: „Framúrskarandi menntun alla ævi“ með gildunum þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni.

Innleiðing fyrstu aðgerðaáætlunar, sem tekur til tímabilsins 2021–2024, gekk vel. Mörgum aðgerðum er nú þegar lokið en aðrar eru enn í vinnslu.

Eins og þingsályktun um menntastefnu 2030 gerði ráð fyrir verður hún innleidd á þremur þriggja ára tímabilum. Í þessari annari aðgerðaáætlun menntastefnu 2030 er sjónum fyrst og fremst beint að verkefnum ráðuneytisins sem styðja við innleiðingu menntastefnu og aðgerðir sem unnið er að í samstarfi við skólasamfélagið á árunum 2025–2027 bæði innan ráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Aðgerðunum er ætlað að bregðast við stöðunni í menntakerfinu meðal annars út frá niðurstöðum PISA, Norrænu QUINT-rannsókninni, íslensku æskulýðsrannsókninni og annarra nýlegra rannsókna.

Aðgerðirnar byggja á víðtæku samráði og samtali við aðila skólasamfélagsins á undanförunum árum. Haldnir voru sjö kynningarfundir með helstu haghöfum þar sem kynnt voru drög að aðgerðum. Einnig var kynningarefnið sent til Samfés – Landssamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa og Umboðsmanns barna sem ræddu aðgerðirnar í sínum ráðgjafarhópum barna og ungmenna. Samráð náði ekki til málefnasviðs framhaldsfræðslu sem flutt var til mennta- og barnamálaráðuneytisins með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands í mars 2025.

Að loknum ofangreindum kynningum voru aðgerðirnar endurskoðaðar og uppfærðar. Þá voru aðgerðirnar kynntar og ræddar á fjölsóttu Menntaþingi sem haldið var 30. september 2024. Aðgerðirnar voru endurskoðaðar í kjölfar menntaþingsins og þremur nýjum aðgerðum bætt við, tvær aðgerðir sameinaðar og ein felld út. Nýjar aðgerðir eru *Samstarf heimila og skóla um menntun barna og ungmenna*, *Gagnrýnin hugsun og sköpun til framtíðar* og *Stefna um gæði í ævilangri náms- og starfsráðgjöf*. Sumar aðgerðir eru þegar hafnar og aðrar í undirbúningi.

Önnur aðgerðaáætlun menntastefnunnar endurspeglar stefnuyfirlýsingu og áherslur núverandi ríkisstjórnar og byggir á stöðum menntastefnu til ársins 2030.

Stoðir menntastefnunnar eru:

Jöfn tækifæri fyrir alla
Kennsla í fremstu röð
Hæfni fyrir framtíðina
Vellíðan í öndvegi
Gæði í forgrunni

Þá er í lokin ein aðgerð sem snýr að endurskoðun aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla sem gengur þvert á stöðir menntastefnu.

2. Yfirlit aðgerða

Aðgerðar eru settar fram undir þeim fimm stoðum sem menntastefna 2030 byggist á og eru fjórar aðgerðir undir hverri stoð. Nánari lýsingu er að finna í köflunum um hverja stoð fyrir sig.

Jöfn tækifæri fyrir alla

- Öflugt samráð við börn og ungmenni um menntamál
- Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í inngildandi skólastarfi
- Námsgagnaútgáfa efld (með fyrirvara um samþykkt frumvarps)
- Samstarf heimila og skóla um menntun og farsæld barna og ungmenna

Kennsla í fremstu röð

- Fjölgun kennara
- Öflugir kennarar í skólum landsins
- Íslenskufærni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun barna
- Stuðningur og ráðgjöf við nám og kennslu

Hæfni fyrir framtíðina

- Stafrænar lausnir, miðlalæsi og stafræn borgaravitund í öllu skóla-, fræðslu- og frístundastarfi
- Sjálfbærni og loftslagsmál í menntun
- Gagnrýnin hugsun og sköpun til framtíðar
- Þróun námsframboðs framhaldsskóla og framhaldsfræðslu

Vellíðan í öndvegi

- Lögfesting og innleiðing löggjafar um inngildandi menntun og skólaþjónustu (með fyrirvara um samþykkt frumvarps)
- Safn vandaðra almennra mats- og skimunartækja til notkunar í skólum
- Aukin áhersla á vellíðan í skóla- og frístundastarfi
- Námsumhverfi barna og ungmenna styðji við farsælt nám og vellíðan

Gæði í forgrunni

- Menntatölfræði
- Endurskoðað mat og eftirlit með skólastarfi
- Bættur námsárangur og samræmdar mælingar
- Stefna um samfellda náms- og starfsráðgjöf

Tenging aðalnámskráa við aðgerðir menntastefnu

Aðgerðirnar kalla margar á endurskoðun eða rýni aðalnámskráa og því er sértæk aðgerð þvert á stoðir þar um.

3. Jöfn tækifæri fyrir alla

3.1 Öflugt samráð við börn og ungmenni um menntamál

Til þess að raunverulegt samráð sé haft við börn og ungmenni þarf að skapa vettvang þar sem börn og ungmenni geta tekið þátt, komið sjónarmiðum sínum á framfæri og að þau upplifi að á þau sé hlustað. Möguleikar barna og ungmenna til að hafa áhrif á eigið líf og umhverfi stuðlar að raunhæfum lausnum og að árangur náist í verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög hafi virkt samráð við börn og ungmenni áður en ákvarðanir eru teknar í málefnum er þau varða með því að:

1. Kynna og innleiða Handbók fyrir Stjórnarráðið um samráð við börn.
2. Bregðast við niðurstöðum Barnþings 2023 um menntamál og nýta þær við stefnumótun í menntamálum.
3. Nýta jákvæða reynslu af samráði mennta- og barnamálaráðuneytisins við börn og ungmenni meðal annars á rafrænum vettvangi.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið í samstarfi við hagsmunaaðila.

3.2 Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í inngildandi skólastarfi

Á undanförunum árum hefur margbreytileiki samfélagsins aukist og hefur það verið áskorun fyrir skólasamfélagið að mæta námslegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum. Til að koma til móts við þarfir barna og ungmenna og stuðla að virkri þátttöku fjöltyngdra barna í íslensku samfélagi verður áhersla á að þróa stuðning og þjónustu með því að:

1. Efla kennslu íslensku sem annars máls.
2. Leggja sérstaka áherslu á markvissa móttöku barna af erlendum uppruna í skóla og nærumhverfi þeirra um allt land.
3. Leggja áherslu á inngildandi menntun, fjölmenningu og fjöltyngi í leiðbeiningum til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
4. Auka læsisráðgjöf við skóla og styrkja mat á framvindu í íslensku sem öðru máli.
5. Styðja við starfsþróun kennara og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
6. Styðja við þróun og dreifingu námsgagna og annars stuðningsefnis.
7. Efla stuðning með og eftirfylgni við íslenskukennslu fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

3.3 Námsgagnaútgáfa efld (með fyrirvara um samþykkt frumvarps)

Ákall hefur verið um að koma betur til móts við börn og ungmenni til að jafna aðgengi þeirra að vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum. Með frumvarpi til nýrra laga um námsgögn er markmið að tryggja gæði, framboð og fjölbreytileika námsgagna og kennsluleiðbeininga til að styðja við nám og kennslu í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum ásamt því að tryggja að námsgögn verði gjaldfrjáls fyrir börn að 18 ára aldri. Til þess að lög um námsgögn mæti þörfum samtímans þarf að:

1. Lögfesta og innleiða ný lög um námsgögn sem komi í stað laga um námsgögn nr. 71/2007.
2. Gera námsgögn í kjarnagreinum framhaldsskóla gjaldfrjáls fyrir nemendur (íslenska, enska og stærðfræði).
3. Auka fjárframlag til þróunarsjóðs námsgagna og námsgagnasjóðs.
4. Leggja áherslu á útgáfu námsgagna í íslensku sem öðru tungumál sem nýtist bæði börnum og fjölskyldum þeirra.
5. Þróa ný úrræði og verkfæri fyrir kennara til aðlögunar námsgagna með sérstaka áherslu á börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

3.4 Samstarf heimila og skóla um menntun og farsæld barna og ungmenna

Rannsóknir sýna að stuðningur og viðhorf foreldra í námi barna sinna hefur áhrif á árangur þeirra. Samstarf heimila og skóla minnkaði töluvert í COVID-faraldrinum og þörf er á að efla það á ný. Leggja þarf áherslu á mikilvægi foreldra þegar kemur að velferð barna og ungmenna og samfelli á milli heimilis og skóla en skýr krafa var um aukið foreldrasamstarf frá þátttakendum menntaþings sem haldið var í lok september 2024 um fyrirhugaðar aðgerðir. Í samstarfi heimilis og leikskóla þarf að ávarpa mikilvægi fyrstu 1.000 daga lífsins fyrir heilbrigði barns, ævina á enda. Mikilvægt er að hlúa að farsælu samstarfi heimilis og skóla á öllum skólastigum. Þá þarf að stuðla að því að þátttaka foreldra í námi barna stuðli að farsæld barna og ungmenna. Þetta er gert með því að:

1. Fræða foreldra og forráðamenn um mikilvægi þeirra alla ævi barns og í öllu námi barna og ungmenna.
2. Valdefla foreldra og forráðamenn í stuðningi við börn meðal annars með foreldrafærninámskeiðum.
3. Styðja frekar við foreldrasamstarf og starf foreldrafélaga í leik- grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi.
4. Leggja áherslu á virka þátttöku foreldra í námi barna, þá sérstaklega hvað varðar málörvun, lestur og lesskilning.
5. Þróa inngildandi og lausnamiðaðar aðferðir í samstarfi heimila og skóla og í foreldrafélögum með það fyrir augum að tryggja að ólík menning og tungumál verði ekki að hindrun eða komi í veg fyrir þátttöku í foreldrasamstarfi.

Ábyrgð

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samráði við hagsmunaaðila.

4. Kennsla í fremstu röð

4.1 Fjölgun kennara

Hækkandi meðalaldur kennara og fjöldi ófaglærðra í kennslu kallar á áframhaldandi samstarf um fjölgun kennara. Til þess að tryggja gæði náms og kennslu og mæta þörfum skólasamfélagsins sem er í stöðugri þróun þarf að:

1. Fjölga kennurum, sérstaklega á leikskólastigi.
2. Setja fram áætlun um fjölgun stærðfræði- og náttúruvísindakennara.
3. Tryggja að kennaranemar öðlist góða íslenskufærni í námi sínu.
4. Fjölga kennurum með sérhæfingu í að kenna íslensku sem annað tungumál og þekkingu og færni í inngildandi menntun og menningarnæmi.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið í samstarfi hagsmunaaðila.

4.2 Öflugir kennarar í skólum landsins

Á undanförunum árum hafa rannsóknir á íslensku skólastarfi, þá sérstaklega grunnskólum, sýnt að gera þurfi betur. Í [PISA 2022](#) mælist hæfni íslenskra grunnskólabarna lakari en meðaltal OECD ríkja í stærðfræði, læsi og náttúrufræði. Norræna QUINT-rannsóknin varpar ljósi á kennsluhætti í norrænum skólastofum. Niðurstöður hennar benda á nauðsyn þess að styrkja kennsluhætti í íslenskum skólastofum eins og lýst er í bókinni *Gæði kennslu – Námsækifæri fyrir alla nemendur*. Til þess að efla kennara í skólum landsins og um leið auka gæði kennslu þarf að:

1. Vinna í samstarfi við háskólasamfélagið, rekstraraðila skóla og hagsmunaaðila að hagnýtingu menntarannsókna til að þróa og efla gæði kennsluhátta.
2. Gera úttekt og efla samráð um inntak kennaramenntunar og vettvangsnáms út frá gæðum kennslu og þeim áskorunum sem leik-, grunn- og framhaldsskólar standa frammi fyrir í dag.
3. Efla starfsþróun kennara á lykilsviðum náms og kennslu.
4. Styrkja stjórnendur skóla sem faglega (kennslufræðilega) leiðtoga.
5. Vinna tillögur að fyrirkomulagi stuðnings við fjölbreytta starfs- og kennsluhætti í samstarfi við rekstraraðila skóla og frístundastarfs.
6. Þróa og innleiða árangursríkar starfs- og kennsluaðferðir sem stuðla að inngildandi skólastarfi með virkri ráðgjöf og þjónustu á landsvísu.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

4.3 Íslenskufærni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun barna

Góð íslenskukunnátta kennara og annars starfsfólks er mikilvæg forsenda fyrir því að styðja vel við málþroska, nám og læsi barna í skóla- og frístundastarfi. Þetta á ekki hvað síst við þegar um er að ræða börn á máltökuskeiði í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla. Til að starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leik- og grunnskólum og frístundastarfi hafi góða færni í íslensku þarf að:

1. Móta viðmið út frá Evrópska tungumálarammanum um íslenskuhæfni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun sem ekki er með íslensku að móðurmáli né hefur leyfisbréf til kennslu.
2. Auka framboð á almennum og fagtengdum námskeiðum í íslensku.
3. Skapa aðstæður og auka tækifæri starfsfólks í skóla- og frístundastarfi með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til að öðlast góða færni í íslensku samhliða starfi.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

4.4 Stuðningur og ráðgjöf við nám og kennslu

Brotthvarf kennara úr starfi er meðal áskorana sem brýnt er að bregðast við. Rannsókn frá árinu 2024 sýnir að 8–18% kennara er í öðru starfi eftir fyrstu fjögur ár starfsins. Fagleg leiðsögn og stuðningur í starfi, sérstaklega við nýliða, er talin besta leiðin til að tryggja að kennarar haldist í kennslu og draga úr brotthvarfi til annarra starfa. Til að draga úr brotthvarfi kennara frá kennslu þarf:

1. Að festa í sessi starfstengda leiðsögn við nýliða í kennslu á öllum skólastigum.
2. Öfluga skólaþróun á landsvísu.
3. Starfsþróun kennara og skólastjórnenda að byggja á starfsþróunaráætlunum sem eru í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir kennara og skólasamfélagsins.
4. Innra mat skóla að stuðla að auknum gæðum í kennslu, teymisvinnu kennara og valdeflingu kennara og annars starfsfólks í öllum skólum.
5. Að skerpa á hlutverki stuðningsfulltrúa grunn- og framhaldsskóla og styðja við nýliðaþjálfun og starfsþróun þeirra.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

5. Hæfni fyrir framtíðina

5.1 Stafrænar lausnir, miðlalæsi og stafræn borgaravitund í öllu skóla-, fræðslu- og frístundastarfi

Mikilvægt er að börn, ungmenni og allir aðrir nemendur á framhaldsskólastigi búi yfir færni til að fóta sig í síbreytilegum stafrænum heimi, þekki réttindi sín og skyldur og verði ábyrgir og öruggir stafrænir notendur. Niðurstöður [Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2024](#) og könnunarinnar [Börn og netmiðlar 2023](#) benda til að notkun nemenda í 4.–10. bekk og í framhaldsskólum á samfélagsmiðlum sé mikil. Töluvert er um það að börn verði fyrir aðkasti á netinu og að eldri nemendur fái send óumbeðin klámfengin skilaboð. Þörf er á aðgerðum varðandi stafrænt öryggi og áhrif samfélagsmiðla. Börn og ungmenni þurfa að vera í stakk búin að athafna sig í umhverfi þar sem gervigreind og aðrar stafrænar lausnir eru notaðar á fjölbreyttan og oft ófyrirsjáanlegan hátt. Nemendur á öllum skólastigum og á öllum aldri þurfa að þekkja til siðferðilegra sjónarmiða sem gilda í stafrænum heimi og hafa mannréttindi og gagnrýna hugsun að leiðarljósi við notkun miðlanna. Til að efla stafræna borgaravitund í daglegu lífi er mikilvægt að:

1. Móta viðmið og leiðbeiningar um ábyrga notkun og innleiðingu gervigreindar og annarra stafrænna lausna í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem byggja á stefnu Íslands um gervigreind og menntastefnu stjórnvalda.
2. Efla starfsþróun fyrir starfsfólk skóla- og frístundastarfs um nýtingu gervigreindar auk annarra stafrænna lausna á sviði menntatækni.
3. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu nýti möguleika gervigreindar m.a. til að gera námsefni aðgengilegra fjölbreyttum hópi barna og ungmenna.
4. Leggja áherslu á stafræna borgaravitund í menntun og skólastarfi með sérstaka áherslu á börn og ungmenni og innleiða þær breytingar sem gerðar hafa verið á aðalnámskrá grunnskóla um stafræna borgaravitund og miðlalæsi.
5. Gefa út verkfæri fyrir skóla til að vinna gegn stafrænu ofbeldi og upplýsingaóreiðu til að stuðla að jákvæðri og öruggri virkni og upplifun barna og ungmenna af netheimum.
6. Styðja við nýsköpun á sviði menntunar, bæði á sviði menntatækni og félagslegrar nýsköpunar.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

5.2 Sjálfbærni og loftslagsmál í menntun

Menntun til sjálfbærni og útfærsla og innleiðing á loftslagsvænum áherslum í skólum krefst heildrænnar nálgunar þar sem tillit er tekið til allra þátta sjálfbærs samfélags með skilningi á jafnvægi vistkerfa, líffræðilegum fjölbreytileika, nýtingu auðlinda, loftslagi og velferð. Áskorunin felst í að samþætta loftslagsmál og grænar lausnir í aðalnámskrám og öllu starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundastarfi, kennaramenntun fyrir alla kennara og starfsþróun þeirra. Byggt er á grunni [aðgerðaáætlana íslenskra stjórnvalda](#) í loftslagsmálum. Í menntakerfinu liggja gríðarleg tækifæri til að ná til ungu kynslóðarinnar og leggja grunn að loftslagsvænni framtíð með sjálfbærni að leiðarljósi. Til þess að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og velsældaráherslum ríkisstjórnarinnar þarf að:

1. Festa þátttöku Íslands í verkefni UNESCO á sviði grænnar menntunar (Greening Education Partnership) í sessi og koma á virkum samráðsvettvangi innan menntakerfisins.
2. Efla Grænfánaverkefni Landverndar og hvetja til frekari þátttöku á öllum skólastigum.
3. Leggja áherslu á grunngildi UNESCO og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í skóla- og frístundastarfi.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi hagsmunaaðila.

5.3 Gagnrýnin hugsun og sköpun til framtíðar

Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar sýna að íslenskir nemendur eru jákvæðir gagnvart sköpun og eigin sköpunarkrafti en um leið að hlutfallslega færri búi yfir grunnfærni í skapandi hugsun miðað við jafnaldra í ríkjum OECD. Eitt af meginhlutverkum menntastofnana er að stuðla að þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu samfélagi sem er í sífelldri þróun. Engin lög eru til um listmenntun í landinu, hvorki heildstæð né í einstökum listgreinum. Menntagildi listgreina, hvort sem er innan almenna skólakerfisins eða sérhæfðra listaskóla, er mikið. Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem sjálfstæður skapandi einstaklingur. [UNESCO](#) leggur áherslu á mikilvægi listgreinamenntunar sem hluta af almennri menntun, m.a. til að efla lestrarfærni, samstarfshæfni, og skapandi og gagnrýna hugsun nemenda. Til að takast á við áskoranir morgundagsins þarf að efla hjá nemendum gagnrýna hugsun, skapandi nálgun og heimsborgaravitund til að þeir geti með upplýstum og ábyrgum hætti myndað sér skoðanir og tekið ákvarðanir sem eru þeim og öðrum til framdráttar. Til að ná því markmiði þarf að:

1. Auka þekkingu kennara á leiðum í kennslu sem styðja við læsi, gagnrýna hugsun og lýðræðislega þátttöku í formlegu og óformlegu námi.
2. Auka útgáfu og aðgengi að námsefni sem styður við borgaravitund og gagnrýna hugsun í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
3. Afla gagna um listmenntun þvert á listgreinar svo stjórnvöld geti byggt ákvarðanir sínar á fullnægjandi upplýsingum í málaflokknum.
4. Undirbúa rammalöggjöf um listfræðslu, þar sem m.a. væri kveðið á um tilgang listmennta, námskrárgerð, kennaramenntun, gæðaeftirlit, tengsl við almenna skólakerfið, fjármögnun o.fl.
5. Innleiða ramma UNESCO frá 2024 um list- og menningarmenntun með skýrri tengingu við grunnþátt menntunar um sköpun.
6. Auka vægi barna og ungmenna þegar kemur að því að meta eigið nám og skólastarf með árangurstengd markmið í fyrirrúmi og framtíðarsýn.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi hagsmunaaðila.

5.4 Þróun námsframboðs framhaldsskóla og framhaldsfræðslu

Framhaldsskólinn undirbýr nemendur til að takast á við fjölbreytt verkefni daglegs lífs, atvinnulífs og áframhaldandi náms. Taka þarf mið af hröðum samfélagsbreytingum, en ekki síður þörfum nemenda sjálfra í umhverfi þar sem gervigreind ryður sér til rúms og alþjóðasamfélagið tekst á við stöðugt fjölbreyttari áskoranir. Tryggja þarf að framhaldsskólar bjóði nám við hæfi fyrir fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkar þarfir til að auka árangur og sporna við brotthvarfi með sérstakri áherslu á nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og viðkvæma hópa. Rekstur og umgjörð framhaldsskóla þarf að styðja við faglegt skólastarf í síbreytilegu umhverfi þar sem allir nemendur eiga möguleika á að öðlast farsæld á sínum forsendum. Auka þarf samstarf framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila svo raunfærnimat fullorðinna verði skýrari kostur inn á námsbrautir framhaldsskóla. Bæta þarf yfirsýn yfir námsframboð framhaldsfræðslu og framgangsleiðir fullorðinna með stutta skólagöngu til að ljúka námi. Framhaldsskólinn tekur á móti öllum ungmennum á fræðsluskyldualdri og skýra þarf farveg fyrir þau ungmenni sem hafa ekki notið samfellu í námi og þau studd aftur til virkni. Því er mikilvægt að:

1. Efla og þróa námsframboð á framhaldsskólastigi sem mætir þörfum barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
2. Móta heildstæðari umgjörð um íslenskukennslu fyrir innflytjendur með tilliti til gæða og skilvirkni, hvort sem hún fer fram í framhaldsskólum, hjá fræðsluaðilum eða í tengslum við starf.

3. Gefa út viðmiðunarnámsbrautir fyrir framhaldsskólastigið í samvinnu við framhaldsskóla, háskólasamfélagið og fulltrúa atvinnulífs sem tekur mið af hröðum samfélags- og tæknibreytingum.
4. Skýra leiðir fullorðinna inn í starfsnám og tryggja viðeigandi stuðning í námi.
5. Efla yfirsýn námsframboðs á framhaldsskólastigi til þess að tryggja gæði náms, samfellu og stíganda.
6. Samræma nám í kjarnagreinum á fyrstu hæfniprepum til að tryggja nemendum á fræðsluskyldualdri gjaldfrjáls námsgögn.
7. Þróa námsleiðir í framhaldsskóla í samvinnu við atvinnulífið fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri sem eru ekki í virkni og uppfylla ekki hæfniviðmið við lok grunnskóla.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, framhaldsskóla, fræðsluaðila og aðra hagsmunaaðila.

6. Vellíðan í öndvegi

6.1 Inngildandi menntun og skólaþjónusta

(með fyrirvara um gildistöku löggjafar)

Mikilvægt er að til staðar sé lagaumhverfi um inntak og heildarskipulag inngildandi menntunar og skólaþjónustu þvert á skólastig til að koma til móts við ákall um faglegan stuðning og ráðgjöf í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi. Markmið með lagasetningu er að skapa ramma um samræmt og samstíga menntakerfi þar sem börn og ungmenni njóta skólagöngu sinnar og fá stuðning til menntunar og þroska í samræmi við þarfir ásamt því að kennarar, skólastjórnendur og annað starfsfólk fái faglega ráðgjöf og stuðning. Skipulag skólaþjónustu taki mið af þörf fyrir samvinnu um þjónustuveitingu á landssvæðum og fari samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og laga og reglugerða sem taka til allra skólastiga. Til að ná þessu markmiði þarf að:

1. Leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingar á ýmsum lögum um inngildandi menntun og skólaþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum og í frístundastarfi þar sem megináhersla er á að:
 - Sníða skipulag skólaþjónustunnar varðandi starfshætti, stuðning og ráðgjöf þannig að það tryggi börnum og ungmennum jöfn tækifæri til framúrskarandi menntunar.
 - Skilgreina inntak innri og ytri skólaþjónustu þvert á skólastig og í frístundastarfi og hlutverk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu í því samhengi.
 - Jafna aðgengi barna og ungmenna, foreldra og starfsfólks skóla og frístundastarfs að skólaþjónustu um land allt.
 - Tryggja lágmarksþjónustu við nemendur óháð búsetu og bæta gæði þjónustunnar.
 - Samþætta skólaþjónustu milli skólastiga og tryggja að stuðningur, ráðgjöf og leiðsögn séu í samræmi við þarfir allra barna og skóla óháð skólastigi.
2. Leita til valinna sveitarfélaga um þátttöku í fyrsta áfanga innleiðingar um samhæfða skólaþjónustu.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samráði við hagsmunaaðila.

6.2 Safn vandaðra skimunartækja til notkunar í skólum

Hlúa þarf að velferð og námsárangri allra nemenda í skólakerfinu, stuðla að jákvæðri upplifun og finna leiðir til að allir fái jöfn tækifæri til náms við sitt hæfi. Til að koma sem best til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda er mikilvægt að allir skólar fylgist með námsárangri og líðan barna og ungmenna, og hafi til þess aðgang að vönduðum mats- og skimunartækjum. Þannig tryggjum við að

skólar komi snemma auga á náms-, félags- og tilfinningalegar áskoranir og geti veitt snemmtækan stuðning. Til þess þarf að:

1. Auka samstarf við heilsugæsluna vegna ung- og smábarnaverndar þannig að niðurstöður skoðana heilsugæslu nýtist sem best í þágu barna á leikskólaaldri.
2. Gera úttekt á tiltækum skimunartækjum fyrir náms-, félags- og tilfinningalegum áskorunum í skólastarfi og meta hvort þau standist próffræðilegar kröfur og önnur viðeigandi gæðaviðmið.
3. Þróa, þýða og staðfæra skimunartæki á þeim sviðum þar sem vönduð matstæki eru ekki tiltæk.
4. Tryggja innleiðingu og starfsþróunartækifæri fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra sérfræðinga sem leggja tækin fyrir.

Ábyrgð:

Miðstöð menntunar og skólapjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

6.3 Aukin áhersla á vellíðan í öllu skóla- og frístundastarfi

Félags- og tilfinningafærni er mikilvæg undirstaða farsæls náms og þroska og veigamikill þáttur geðræktarstarfs í skólum. Hún snýr m.a. að því að geta skilið og tekist á við eigin tilfinningar, átt farsæl samskipti og tengsl við aðra, sett sér markmið og tekið ábyrgar ákvarðanir. Rannsóknir sýna að markviss efling félags-, tengsla og tilfinningafærni meðal barna og ungmenna hefur jákvæð áhrif á flest sem viðkemur skólastarfi, svo sem hegðun, námsárangur, skólasókn, samskipti og skólabrag. Þessa færni þarf að kenna og æfa kerfisbundið rétt eins og lestur og ritun og því mikilvægt að hún fái fastan sess í skipulagi kennslu og skólastarfs á öllum skólastigum. Jafnframt þarf að tryggja að kennarar hafi þekkingu og færni til að kenna og styðja við slíka færni í gegnum kennaranám sitt og starfsþróun. Þrátt fyrir að nýjustu rannsóknir sýni jákvæða þróun á líðan barna og ungmenna eru teikn á lofti um að ákveðnir hópar eigi undir högg að sækja. Því þarf að:

1. Auka áherslu á geðrækt og félags-, tengsla- og tilfinningafærni í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi.
2. Auka samstarf skóla, félagsmiðstöðva og ungmennahúsa um inngildandi starfshætti, geðrækt, ofbeldisvarnir, varnir gegn rasisma og forvarnir.
3. Auka áherslu á geðrækt, félags- tengsla- og tilfinningafærni og áfallamiðaða nálgun í kennaranámi og starfsþróun kennara.
4. Samhæfa viðmið í aðalnámskrá grunnskóla um ástundun og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum varðandi skólaforðun og viðbrögð við fjarvistum, ásamt því að endurskoða framangreinda reglugerð eftir þörfum.

5. Samræma viðmið og verkferla um ástundun í grunnskóla og innleiða í öllum sveitarfélögum úrræði til stuðnings ef ástundun er ábótavant.
6. Hefja vinnu við mótun verklags um samstarf milli grunnskóla, framhaldsskóla, skóla-, frístunda- og félagsþjónustu sveitarfélaga og heimila sem dregur úr líkum á brotthvarfi barna- og ungmenna úr námi.
7. Skerpa á hlutverka- og ábyrgðarskiptingu skóla, frístundastofnana, skólaþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndar og heilbrigðiskerfis og stuðla þannig betur að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

6.4 Náms- og félagsumhverfi barna og ungmenna styðji við farsælt nám og vellíðan

Námsumhverfi lýtur að þáttum eins og stærð rýma, hljóðvist, lýsingu, loftgæðum og búnaði en einnig að félagslegu og huglægu umhverfi eins og skólabrag, kennsluháttum og viðmóti kennara og starfsfólks. Allt þetta getur haft áhrif á og stuðlað að því að börn og ungmenni búi við umhverfi sem styður við nám þeirra og vellíðan. Það er því mikilvægt að skoða þætti sem hafa áhrif á náms- og félagsumhverfi með því að:

1. Samræma reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi.
2. Gera úttekt á náms- og félagsumhverfi út frá þörfum barna og ungmenna í leik-, grunn- og framhaldsskólum og viðmiðum um altæka hönnun náms.
3. Skilgreina gæðaviðmið um námsumhverfi og vellíðan barna og fylgja þeim eftir með reglubundnu eftirliti.
4. Endurskoða lög og reglugerðir leik-, grunn- og framhaldsskóla út frá niðurstöðum úttektar á námsumhverfi.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið í samstarfi við hagsmunaaðila.

7. Gæði í forgrunni

7.1 Menntatölfræði

Rannsóknir og gagnaöflun geta haft mikla þýðingu fyrir þróun alls skólastarfs með því að veita upplýsingar um skólastarf og líðan, upplifun og árangur nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum ásamt nýtingu gagna til stefnumótunar og stuðnings við fagmennsku kennara og annars fagfólks. Til þess að meta stöðu íslensks menntakerfis og safna lykilupplýsingum sem þarf til stefnumótunar fyrir ríki og sveitarfélög, þarf að:

1. Ljúka við þróun nemendagrunnsins Frigg og innleiða notkun á honum.
2. Skilgreina lykiltölur menntunar fyrir öll skólastig.
3. Auka samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og fleiri aðila um gagnaöflun og miðlun upplýsinga um menntakerfið.
4. Auka við upplýsingar um menntun í mælaborði farsældar.
5. Byggja stefnumótun í menntamálum á grundvelli gagna.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við forsætisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og aðra hagsmunaaðila.

7.2 Endurskoðað mat og eftirlit með skólastarfi

Efla þarf innra og ytra mat á skóla- og frístundastarfi í samræmi við menntastefnu og samræmd gæðaviðmið þannig að það nýtist mennta- og barnamálaráðuneytinu, sveitarfélögum og skólum á skilvirkan hátt til að meta gæði skólastarfs og gera viðeigandi umbætur. Matið þarf að vinna út frá skýrum og rökstuddum gæðaviðmiðum og fela í sér skipulega söfnun, greiningu og túlkun gagna. Mikilvægt er að skýr ábyrgð sé á framkvæmd mats og eftirlits með gæðum skóla- og frístundastarfs. Til að innra og ytra mat leik-, grunn- og framhaldsskóla styðji við hvort annað og nýtist mennta- og barnamálaráðuneytinu, sveitarfélögum og skólum á skilvirkan hátt til að meta gæði skólastarfs og gera viðeigandi umbætur þarf að:

1. Endurskoða gæðaviðmið innra og ytra mats fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.
2. Vinna markvisst að innleiðingu og kynningu á endurskoðuðum gæðaviðmiðum í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
3. Endurskoða framkvæmd og eftirfylgni ytra mats og eftirlits í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
4. Skýra hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi ytra mat í leik- og grunnskólum og frístundastarfi, meta hvort endurskoða þurfi ákvæði um mat og eftirlit í lögum um leik- og grunnskóla í samstarfi við sveitarfélög og gera framtíðaráætlanir um reglubundið ytra mat.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

7.3 Bættur námsárangur og samræmdar mælingar

Frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningi og læsi á stærðfræði og náttúruvísindi í PISA hefur síðasta áratug verið undir meðaltali OECD-ríkja og þeirra þjóða sem Ísland ber sig helst saman við. Frammistaða þeirra í stærðfræði hefur sögulega verið betri en á öðrum sviðum PISA en henni hefur einnig hrakað og er nú undir meðaltalinu. Þá bendir QUINT-rannsóknin, sem snýr að gæðum í kennslu, að gera megi betur við að virkja nemendur innan kennslustofunnar. Til að efla menntun á Íslandi og bæta námsárangur og velferð barna og ungmenna þarf að bæta náms- og starfsumhverfi barna og ungmenna, kennara og skólastjórnenda og auka gæði kennslu með því að:

1. Leikskólar vinni markvisst að auknum málþroska allra barna.
2. Tryggja að allir grunnskólar vinni samkvæmt árangursríkum lestrarkennsluaðferðum á öllum stigum grunnskólans.
3. Innleiða Matsferil sem samræmt námsmat, þ.á.m. valkvæð og skyldubundin stöðu- og framvindupróf á grunnskólastigi, ásamt öðrum skimunar- og matstækjum fyrir leik- og grunnskóla.
4. Auka stuðning við kennara við að nota með markvissum hætti niðurstöður mats- og skimunartækja til þess breyta og bæta kennslu og mæta námsþörfum allra barna, hvort sem þau þurfa stuðning eða frekari áskoranir í námi.
5. Styðja við uppbyggingu stafrænna innviða fyrir skólakerfið.
6. Innleiða og nýta markvisst hæfniramma kennara og skólastjórnenda.
7. Styðja betur við kennara leik-, grunn- og framhaldsskóla við að tileinka sér fjölbreytta og markvissa starfs- og kennsluhætti.
8. Greina framboð og gæði námsgagna grunnskóla og kennsluleiðbeininga í íslensku, stærðfræði og náttúruvísindum.
9. Grunnskólar tilkynni til sveitarfélaga árlega stöðu gagnvart lágmarksviðmiðum um grunnfærni í læsi og stærðfræði og setji markmið og áætlun um hærra hlutfall nemenda sem kemst upp úr lágmarksviðmiðum og um hærra hlutfall nemenda sem nær hæstu viðmiðum í mælingum í Matsferli.
10. Grunnskólanemendur fái stuðning við að setja sér árleg markmið um námslegan árangur á helstu námssviðum.
11. Efla miðlægan stuðning og samhæfingu með samræmdri gagnaöflun og gagnagreiningu um námsárangur og farsæld.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

7.4 Stefna um samfellda náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf snertir alla fleti samfélagsins í gegnum uppbyggingu menntunar, færni og atvinnu. Náms- og starfsráðgjöf styður við inngildingu, aukna farsæld, félagslegan jöfnuð og hreyfanleika og dregur úr hindrunum sem kunna að hamla virkri þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Horfa þarf sérstaklega til þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, félags- og efnahagslega. Tryggja þarf aðgengi allra að markvissri og samfelldri náms- og starfsráðgjöf, óháð aldri, búsetu eða félagslegri stöðu með það að markmiði að tryggja jöfn tækifæri til menntunar alla ævi og þátttöku á vinnumarkaði. Tryggja þarf samfellu í náms- og starfsráðgjöf þvert á menntakerfi og atvinnulíf og auka þannig líkur á farsælli yfirfærslu frá menntun til vinnumarkaðar, frá æsku til fullorðinsára. Náms- og starfsráðgjöf hefur menntunarlegt gildi og styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina ásamt leikni í stjórn á eigin náms- og starfsferli í ljósi síbreytilegra samfélags- og atvinnuhátta.

Börn og ungmenni eiga lagalegan rétt á náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum af aðila sem uppfyllir skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Mikilvægt er að börn og ungmenni búi yfir þroska, leikni og hæfni til að stýra eigin náms- og starfsferli, hæfni sem stuðlar að farsæld og vellíðan og valdeflir þau til að móta framtíð sína á eigin forsendum. Tryggja þarf samfellu í aðgengi að náms- og starfsráðgjöf alla ævi auk þess að tryggja náms- og starfsfræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi til að efla námsframvindu og starfsferilsþróun barna og ungmenna.

Gæðaviðmið um samfellda náms- og starfsráðgjöf og regluverk um störf og hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunn og framhaldsskólum þarf að setja og innleiða til að annars vegar efla gæði þjónustunnar og hins vegar samræma og tryggja skilvirkni hennar.

Því er mikilvægt að:

1. Skilgreina og innleiða gæðaviðmið um samfellda náms- og starfsráðgjöf til að auka árangur, gæði í þjónustu og tryggja samfellu á milli menntunar og vinnumarkaðar. Leitað verður til valinna sveitarfélaga um þátttöku í tveggja ára þróunarverkefni um innleiðingu þeirra.
2. Setja reglugerð um hlutverk og störf náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.
3. Stofna ráðgefandi samráðsvettvang, sem endurspeglar víðtækt samstarf stjórnvalda, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og þátttakenda í námi og á vinnumarkaði, um samfellda náms- og starfsráðgjöf þvert á skólastig, menntakerfi og vinnumarkaði til að auka samhæfingu aðila.
4. Samhæfa og auka framboð á náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum og styrkja stöðir fræðslunnar í aðalnámskrám.
5. Efla náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðslu sérstaklega til nemenda í viðkvæmri stöðu.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

8. Tenging aðalnámskráa við aðgerðir menntastefnu

Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla lýsa sameiginlegum markmiðum og kröfum um framúrskarandi menntun og hæfni til framtíðar. Þær eru ramma um skólastarf og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Það er því mikilvægt samhliða áherslubreytingum í menntakerfinu að endurskoða aðalnámskrár með tilliti til áskorana og samfélagsbreytinga hverju sinni.

Aðalnámskrá þarf að vera öflugt verkfæri fyrir skólana sjálfa og veita bæði skýra sýn og leiðsögn um tilgang og markmið skólastarfs. Aðalnámskrá skal endurspeglar menntastefnu og tryggja að starf leik-, grunn- og framhaldsskóla sé í takt við samfélagslegar áherslur og hlutverk skólanna. Forsenda fyrir því að hægt sé að rýna og þróa námsframboð framhaldsskóla og tryggja að stutt sé við hæfni til framtíðar er endurskoðun aðalnámskráa. Ekki síst þegar kemur að hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli og inngildandi menntun.

Til að styðja við menntastefnu og þær aðgerðir sem settar hafa verið fram í annarri aðgerðaáætlun hennar þarf að endurskoða aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla út frá þeim áherslum sem þar eru lagðar fram. Í ljósi þess er þörf á að hefja vinnu við að:

1. Endurskoða sameiginlegan hluta aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla í samræmi við menntastefnu 2030 og breyttar áherslur samtímans, þar með talið inngildingu, farsæld, sköpun og gagnrýna hugsun, líðan, fjölbreytileika, fjölmenningu og námsmat.
2. Endurskoða aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla þannig að aukin áhersla verði lögð á hæfniviðmið tengd geðrækt, félags-, tengsla- og tilfinningafærni.
3. Endurskoða aðalnámskrá framhaldsskóla með tilliti til samfélagslegra breytinga, hlutverks framhaldsskólans, undirbúnings undir frekara nám, samfellu við önnur skólastig og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Aðalnámskrá framhaldsskóla þarf að fjalla ítarlega um ólík námslok, hvort sem um er að ræða starfs-, raungreina- og tækninám, námsbrautir fyrir fatlaða, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eða nemendur sem ekki hafa notið samfellu í námi. Einnig að tryggja að nám í framhaldsskóla standist alþjóðlegan samanburð og undirbúi nemendur með sem bestum hætti fyrir líf, störf og áframhaldandi nám.
4. Endurskoða kafla aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla um innra og ytra mat.
5. Rýna allar aðalnámskrár út frá sjálfbærnimenntun í samráði við hagsmunaaðila og endurskoða eftir þörfum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.
6. Rýna aðalnámskrár leik- og framhaldsskóla til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á aðalnámskrá grunnskóla um

stafræna borgaravitund og miðlalæsi ásamt innleiðingu á öllum skólastigum.

7. Rýna aðalnámskrár leik- og grunnskóla með það fyrir augum að gera snemmtækan stuðning markvissari.
8. Rýna aðalnámskrár leik- og grunnskóla með tilliti til málörvunar, málþroska, árangursríkrar lestrarkennslu og lesskilnings.
9. Rýna aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að auka færni barna og ungmenna til að stýra eigin náms- og starfsferli, skýra hlutverk náms- og starfsráðgjafar og styrkja stöðu náms- og starfsfræðslu í því ferli.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

